

hluta í nauðsynlegum kostnaði í ferðum til sjúkdómsmeðferðar vegna leigubifreiðar (skemmri ferðir) eða leigu á bifreið hjá viðurkenndri bílaleigu.

6. gr.

Endurgreiðsla.

Tryggingastofnun ákvarðar um rétt til endurgreiðslu ferðakostnaðar skv. reglum þessum, þ. á m. um gildistíma ferðaheimildar, og sendir sjúklingi ákvörðun sína jafnframt því sem viðkomandi tryggingaumboð fær sent afrit. Sjúklingur þarf að framvísa í tryggingaumboði sínu staðfestingu á hverri komu frá þeim sem meðferðina veitir. Tryggingaumboðið annast síðan endurgreiðslur til sjúklings samkvæmt reglum þessum.

Við endurgreiðslu skal framvísa farseðlum ef ferð er farin með flugi, ferju, áætlunarbifreið eða öðrum almenningssfarartækjum. Hið sama gildir um kvittanir fyrir greiðslu annars kostnaðar sem reglur þessar taka til, þ. á m. vegna leigu á bifreið, leigubifreiða og fyrir greiðslu vegtolla. Tryggingaumboð getur krafist kvittana fyrir eldsneyti ef eigin bifreið er notuð.

7. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar sem settar eru af tryggingaráði á grundvelli staflíðs j. í 1. mgr. 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. og 3. mgr. 36. gr. s.l., staðfestast hér með og öðlast gildi 30. mars 1999. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 185 frá 28. mars 1996 um ferðakostnað sjúklunga og aðstandenda þeirra innanlands.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 19. mars 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

26. mars 1999

Nr. 214

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 179, 17. mars 1999,
um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum 1999.**

1. gr.

2. málslíður 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Aðeins koma til greina skip, sem fengið hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands í lok umsóknarfrests og skip, sem samið hefur verið um kaup á fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, enda hafi þau fengið leyfi til veiða í atvinnuskyni fyrir 1. maí 1999.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 11. maí 1998, um stjórn fiskveiða úr norsk-íslenska síldarstofninum og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.